



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhóls götu 7
101 Reykjavík

Kópavogur, 14. ágúst 2020

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um skráningu einstaklinga – mál nr. 121/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnarráðsins frá 26. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að reglugerð um skráningu einstaklinga.

Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að því að haldin sé áreiðanleg skrá yfir einstaklinga og að skráningin sé rétt svo að hún skapi grundvöll fyrir tiltekin réttindi og tilteknar skyldur einstaklinga. Enn fremur er það markmið að skráning upplýsinga í þjóðskrá og tengdar skrár byggist á bestu fáanlegu gögnum á hverjum tíma. Í reglugerðardrögunum er lagt upp með að upplýsingagjöf verði rafræn og útgáfa vottorða verði að mestu rafræn.

Tryggingastofnun fagnar nýrri útfærslu á kerfiskennitölu og þar sem verið er að fara í þessa vinnu þá styður stofnunin að hugað sé að notagildi hennar til langs tíma þó það kosti einhverjar breytingar í kerfum hjá mismunandi stofnunum.

Tryggingastofnun vill að svo stöddu aðeins koma á framfæri athugasemd við drög að 8. gr. reglugerðarinnar varðandi skráningu upplýsinga í kerfiskennitöluskrá en þar er m.a. kveðið á um skráningu aðseturs á Íslandi, sbr. f. lið. Stofnunin telur mikilvægt að það komi skýrt fram að um tímabundið aðsetur viðkomandi sé að ræða en ekki varanlegt heimili. Þá gefa g., h. og i. liðir til kynna að hægt sé að skrá annars konar heimili en aðsetur og þarf að liggja skýrt fyrir hver tilgangur þeirrar skráningar sé.

Til viðbótar mætti skrá heimilisfang einstaklingsins í því landi sem hann hefur fasta búsetu í ef slíkar upplýsingar liggja fyrir.

Virðingarfyllst,
f.h. Tryggingastofnunar

Þórir Ólason,
aðstoðarframkvæmdastjóri
Réttindasvið